

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Kennslukönnun og úrvinnsla

Verkmenntaskólinn á Akureyri
Anna María Jónsdóttir tók saman
Október 2018

Kennslukönnun á vorönn 2018

Samkvæmt 40. og 41. gr. laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 skal hver framhaldsskóli meta kennslu og gæði skólstarfsins með kerfisbundnum hætti. Mennta- og menningarmálaráðuneytið lætur síðan gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti.

Verkmenntaskólinn á Akureyri gerir áfanga- og kennslumat á meðal nemenda skólans á hverri önn samkvæmt verklagi í gæðahandbók VMA (sjá VKL 402). Aðrar úttektir á námi og kennslu eru gerðar á hverri önn eins og líst er í sjálfsmatsáætlun hvers skólaárs t.d. áfangaskýrslur, framvindumat og ýmsar samantektir á árangri nemenda. Annað hvert ár er gerð þjónustukönnun á meðal nemenda þar sem spurt er um ýmsa aðra þætti en kennslu og nám í einstaka áföngum.

Niðurstöður þessara kannanna eru notaðar til að mæla gæðamarkmið skólans er lúta að kennslu áfanga og líðan nemenda.

Tilgangur áfanga- og kennslukannanna er að kanna hvernig til hafi tekist í áfanganum og í skólstarfinu með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Allir kennarar fá eigin niðurstöður úr kennslukönnunum birtar í gegnum Innu og eru niðurstöður hvers kennara ræddar í starfsmannaviðtali við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Hvert fag/braut fær niðurstöðu deildar/brautar sem rædd er á fag-/brautarfundi og er fundagerð skilað til skólameistara. Þá fer gæðaráð skólans yfir heildarniðurstöður kennslukönnunar hvernar annar.

Fag- og brautarstjórar ásamt öðrum stjórnendum hafa forgöngu um að nýta niðurstöður kannanna til að bæta faglegt starf innan skólans og tryggja þannig að nemendur fái þá kennslu sem lagt er upp með innihaldi áfanga og nýttar séu þær kennsluáðferðir sem best hæfa námi nemenda.


Kennslukannanir eru gerðar á hverri önn og er 1/3 af áföngum skólans inni í hverri könnun. Því þarf samanlagt meðaltal 3ja anna til að fá meðaltal skólans.

Kennslukönnun á vorönn 2018 fór fram frá miðjum febrúar til fyrstu viku maí. Nemendur í þeim áföngum sem voru í úrtaki voru spurðir út í kennara, kennslu og áfangann. Á vorönn 2018 voru áfangar og kennarar á eftirfarandi brautum/fögum í úrtakinu: íslenska, rafiðngreinar, matvælabraut, danska, spæ/þýs, hjúkrunargreinar og raungreinar. Könnunin var unnin í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Alls voru sendar út 1626 kannanir og fengust 718 svör eða tæplega 44% svörun sem er 2% minnkun frá fyrri önn. Nemendur fengu ítrekun í tölvupósti tvisvar sinnum en lítið var farið í stofur til að biðja nemendur að svara könnuninni. Alls var spurt um 35 kennara og 66 áfanga. Hægt er að nálgast niðurstöður einstaka áfanga inni á kannanakerfi Innu sem aðstoðarskólameistari hefur aðgang að.


Samkvæmt **gæðamarkmiðum VMA** er stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni: Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í kennslukönnun í VMA á vorönn 2018 svara 95% nemenda spurningunni frekar sammála eða mjög sammála. Meðaltal þriggja anna, vorannar 2018 (95%), haustannar 2017 (94%) og vorannar 2017 (94%) er 94,3%. Þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást.¶

Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi	
1. Mjög sammála	51% (362/714)
2. Frekar sammála	44% (314/714)
3. Frekar ósammála	4% (31/714)
4. Mjög ósammála	1% (7/714)

Tölulegar upplýsingar	
Fj. svára:	714 af 718
Svarhlutfall:	99%



Samkvæmt **gæðamarkmiðum VMA** er stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni: Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í kennslukönnun í VMA á vorönn 2018 svara 87% nemenda spurningunni frekar sammála eða mjög sammála. Meðaltal vorannar 2017 (91%), haustannar 2017 (90%) og nú vorannar 2018 (87%) við þessari spurningu er 89.3% þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást miðað við meðaltal síðustu þriggja anna.



Eftirtaldir kennarar voru í áfangamati á vorönn 2018.

Anke Maria Steinke(AMS), Anna Lilja Harðardóttir(ALH), Annette de Vink(AJV), Ari Hallgrímsson(ARI), Theódór Sölvi Haraldsson(TSH), Auður Inga Ólafsdóttir(AUÐ), Árni Hrólfur Helgason(ÁRN), Árný Ingveldur Brynjarsdóttir(ÁIB), Ásbjörg Benediktsdóttir(ÁBE), Benedikt Bragason(BEB), Bjarnhéðinn Jónsson(BJJ), Borghildur F Blöndal(BBL), Börkur Már Hersteinsson(BÖR), Edda Björk Kristinsdóttir(EBK), Guðmundur Ingi Geirsson(GUM), Guðmundur Trausti Hermannsson(GTH), Gunnar Frímannsson(GUF), Hannesína Scheving Skarphéðinsdóttir(HAN), Haukur Eiríksson(HEI), Inga Björg Ólafsdóttir(IBÓ), Ingimar Árnason(ING), Karl Hjartarson(KHJ), Kristín S Árnadóttir(KRÁ), Kristján Tryggvason(KTR), María Albína Tryggvadóttir(MAL), Marín Hallfríður Ragnarsdóttir(MHR), Marína Sigurgeirsdóttir(MAR), Orri Torfason(ORT), Óskar Ingi Sigurðsson(ÓSI), Rannveig Karlsdóttir(RAN), Snorri Björnsson(SNO), Svanlaugur Jónasson(SVJ), Véronique Anne Germaine Legros(VER), Wolfgang Frosti Sahr(WFS), Þórhallur Ragnarsson(ÞHR)

Eftirtaldir áfangar voru í áfangamati á vorönn 2018.


DANS1TO05, DANS2LN05, DANS2OM05, EDL2136, EDL2AO05, EDL3SR05, EFNA2EL05, EFNA2ME05, FFM1012, FRLV3DE05, FRO1012, FÖFM1HI04, HEM1024, HJÚK3FG05, HJÚK3LO03, HJÚK3ÖH05, ÍSAN1MR05, ÍSLE1FL05, ÍSLE1LB04, ÍSLE1RO03, ÍSLE2HS05, ÍSLE2KB05, ÍSLE3BB05, ÍSLE3BL05, ÍSLE3KS05, ÍSLE3UM05, JARÐ2EJ05, KEL1012, LÍFF2NÆ05, LÍFF3SE05, LÍOL2SS05, LÍOL2VÖ05, MAA1012, MAT107E, MEKV1ST03, MEKV2ÖH03, MSF1012, NÁLÆ1UN05, NÁLÆ2AS05, RALV1RT03, RALV2TM03, RALV3IT05, RAMV2PS05, RAMV3RD05, RAMV3RM05, RLTV3KS05, RRVV2RS05, RTMV2DA05, RÖKV2SK05, RÖKV3SF03, SJÚK2GH05, SPÆN1HT05, SPÆN1RL05, SSE1012, UPPT1ÁH02, VFFM1MF10, VGRV2RS03, VGRV3TP03, VINN3GH08, VINN3ÖH08, VSMV3NT03, VÞVS1AV04, ÞJSK1VM02, ÞÝSK1HT05, ÞÝSK1RL05, ÞÝSK1RS05.

Kennarinn er vel undirbúin(n) þegar hann kemur í kennslustundir

1. Mjög sammála 65% (491/754)
2. Frekar sammála 29% (222/754)
3. Frekar ósammála 4% (32/754)
4. Mjög ósammála 1% (9/754)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 754 af
718
Svarhlutfall: 105% ▲




Kennarinn hefur eftir leikni mína og hæfni í námsgreininni

1. Mjög sammála 46% (330/714)
2. Frekar sammála 38% (274/714)
3. Frekar ósammála 11% (80/714)
4. Mjög ósammála 4% (30/714)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 714 af
718
Svarhlutfall: 99%




Kennarinn heldur góðum vinnufriði í kennslustundum

1. Mjög sammála 55% (411/754)
2. Frekar sammála 35% (267/754)
3. Frekar ósammála 7% (56/754)
4. Mjög ósammála 3% (20/754)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 754 af
718
Svarhlutfall: 105% ▲




Ég get leitað til kennarans t.d. ef ég skil ekki námsefnið

1. Mjög sammála 67% (507/752)
2. Frekar sammála 24% (183/752)
3. Frekar ósammála 5% (41/752)
4. Mjög ósammála 3% (21/752)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 752 af
718
Svarhlutfall: 105% ▲




Kennarinn gerir námið áhugavert

1. Mjög sammála 46% (342/751)
2. Frekar sammála 33% (250/751)
3. Frekar ósammála 14% (105/751)
4. Mjög ósammála 7% (54/751)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 751 af
718
Svarhlutfall: 105% ▲




Samskipti mín við kennarann hafa verið góð

1. Mjög sammála 68% (508/748)
2. Frekar sammála 25% (189/748)
3. Frekar ósammála 5% (38/748)
4. Mjög ósammála 2% (13/748)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 748 af
718
Svarhlutfall: 104% ▲




Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluáðferðir

1. Mjög sammála 38% (282/750)
2. Frekar sammála 40% (301/750)
3. Frekar ósammála 17% (125/750)
4. Mjög ósammála 6% (42/750)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 750 af
718
Svarhlutfall: 104% ▲




Ég stunda námið í áfanganum samviskusamlega (skila verkefnum á réttum tíma, er virk/virkur í hópastarfi, tek þátt í umræðum í tímum og fl.)

1. Mjög sammála 49% (351/712)
2. Frekar sammála 42% (302/712)
3. Frekar ósammála 7% (48/712)
4. Mjög ósammála 2% (11/712)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 712 af
718
Svarhlutfall: 99%




Námsgögn (bækur, vefsíður, verkefnahefti o.f.l.) í áfanganum eru viðunandi

1. Mjög sammála 53% (375/711)
2. Frekar sammála 41% (291/711)
3. Frekar ósammála 5% (39/711)
4. Mjög ósammála 1% (6/711)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 711 af
718
Svarhlutfall: 99%




Kennarinn mismunar ekki nemendum

1. Mjög sammála 65% (487/751)
2. Frekar sammála 28% (209/751)
3. Frekar ósammála 6% (46/751)
4. Mjög ósammála 1% (9/751)

Tölulegar upplýsingar

Fj. svara: 751 af
718
Svarhlutfall: 105% ⚠



Ábendingar sem þú vilt koma á framfæri um áfangann, kennara eða kennsluna.

- A++
- Að grera kennsluna skemmtilegri, t.d með því að horfa á skemmtileg myndbönd eða eitthvað svoleiðis
- X er bara mjög skemmtileg
- X er frábær kennari sem er auðvelt að talavið.
- Á að vera friður í eldhúsi
- áfanginn er krefjandi, frekar erfiður en tíminn sem þau gefa okkur gerir auðveldara að ná öllu sem við þurfum að gera.
- Bara flott
- Bara hafa þetta eins og þetta er
- Bæta áhugaverðum kennsluáferðum.
- Efnið er of erfitt og þá aðalega prófin alltof erfið
- Ekkert að setja út á
- ekkert hægt að bæta
- Ekki hafa áfangann svona erfiðan ef það er svona mikið fall í honum!!!!
- Ég er bara frekar lost í þessu fagi yfir höfuð þannig það er ekki mikið að marka mig...
- Fáum orðin í tíma, fáum allt önnur, ný orð á prófi
- Finnst oft vera aðeins of mikið af verkefnum í einum tíma, næ aldrei að klára allt sem á að gera. Það endar þá með því að ég þarf að gera það heima, ehv svona óþarfa verkefni sem mig langar að getað klárað í tímanum. Það mætti einnig hugsa um að endurraða borðunum inní stofunni, oft sést ekkert á töfluna vegna fremsta borðsins, og eftir að það komu ný borð þá þurfa ehv að snúa bakinu að töflunni sem mér finnst heimskulegt.
- Finnst stundum vera smá hávaði og truflun í sumum nemendum og því erfitt að einbeita sér við námsefnið. Það er ekki mitt hlutverk að stöðva það, heldur kennarans hlutverk. En það á ekki að vera neitt vandamál myndi ég halda.
- fínasti kennari
- Fínt svosem
- Fleiri kahoot
- Frábær, en gefur nemendum stundum of mikið vald í tímum
- Frekar ströng en kennir vel
- Fullkominn
- Gera kennslunar einhvern veginn skemmtilegri
- gera námsefnið áhugaverðara og skemmtilegra, kannski minnka glærunar?
- Gleymir stundum verkefnum og prófum.

- Góður og áhugasamur kennari
- X er toppnáungi
- Hafa fleiri vinnutíma
- Hafa þetta eins og þetta er!
- Halltu áfram að vera þú
- Hann er bestur.
- Hann fer yfir verkefni þegar hann vill getur verið 3 vikum seinna. Síðan kann hann ekki að meta verkefni og heldur uppa nemendur
- Hann gerir allt leiðinlegt og er ekki góður kennari
- Hann gerir allt vel
- Hann skilur mann fullkomlega og lætur mann vilja læra.
- X er virkilega yndisleg sem kennari og manneskja, nær vel til nemenda og gerir námsefnið áhugavert, segir sögur tengdar því og kemur upp samræðum í tíma sem hjálpar til með að halda einbeitingu
- Hún er aldeilis ágæt.
- Hún er æðisleg, námsbókin er alltof dýr á enganvegin efni á að kaupa hana
- Hún fer svolítið hratt yfir efnið...
- Í mínum hóp er það ekki kennaranum að kenna að það eru læti, heldur óviðráðanlegum nemendum. tvennt mætti bæta vinnufriðurinn annars vegar og að stofan mætti taka fleiri í sæti þar sem að ef er full mætt er stofan kjaft full
- Íhlutir sem nota á í kennslu eru fyrst núna allir til í fyrra verkefni annarinnar þannig að verkefni sem við hefðum alveg átt að geta klárað í endan janúar er ekki ennþá búið. Kennari á erfitt með að koma frá sér efninu, ef maður biður um hjálp þá kemur hann oft og gerir hlutina fyrir mann í stað þess að leiðbeina manni.
- Kann ekki að kenna krökkum sem eru ekki góð í faginu
- Kennari mætti halda sér betur við efnið í kennslustundum og tala minna um það sem kemur náminu ekki við.
- Kennarinn á það til að búast við því að nemendur viti miklu meir en þeir gera. Kennarinn talar hratt og flýgur yfir sumt efnið og þá er erfitt að halda í við hann. Ég skil ekki mörg orð setningunum og svo eru milljón mismunandi reglur og undantekningar sem maður stekkur á milli í efninu. Svörin mín eru kannski ekki jafn marktæk og önnur svör vegna þess að ég er slæmur og óáhugasamur nemandi.
- Kennarinn er aldrei í stofunni
- Kennarinn er alveg hreint yndisleg og svo góð og skemmtileg
- Kennarinn er ekki góður í mannlegum samskiptum, útskýrir illa námsefnið, nær ekki til nemenda
- Kennarinn er fínn en kennsluefnið og verkefnin eru einfaldlega of leiðinleg til að gera áhugaverð. Svo á ég að vera að gera stór verkefni eins og ritgerðir og kynningar en lítil sem engin hjálp er veitt svona einn-á-einn. Það myndi virkilega hjálpa mér að komast af stað í sumum verkefnum. En mín skoðun á málinu er ekki jafn marktæk og aðrar vegna þess að ég hata námsefnið og er búinn að vera forðast það eins og ég get.
- kennarinn er fyndinn :)
- Kennarinn er mjög skemmtilegur og áhugasamur um áfangan sjálfan
- kennarinn frekar óskýr svo ég þarf stundum að reyna fá hjálp annarstaðar en frá kennara um námsefnið því skýringar kennara er óskýr.
- Kennarinn mætti reyna að sýna meiri áhuga á nemendum. Mætti líka reyna að gera prófin sanngjarnir, eins og flestir kennarna láta liði í prófunum kannski vera 10% eða 15%, en allir liðir í prófunum hjá honum er annað hvort 3%, 2%

Þannig að maður er ekki öruggur með neitt og maður nær ekki að takamarka efnið.

- Kennarinn talar mikið inn í sig, sem gerir það að verkum að erfitt er að fylgjast með því sem hann er að segja, og svo tuðar hann yfir því að fólk sé ekki að fylgjast með þegar það skilur ekki verkefni.
- Kennarinn þarf að kynna sér námsefnið betur.
- Kennslubókin er ekki að hjálpa manni neitt, hún er flókin og ekki nóg af orðaforðaverkefnum td eyðufyllingar þýðingum á textum og stöku orðum, kennslubókin ætti að vera líkari ensku kennslu bókinni.
- Kennslubækurnar eru bæði mjög óáhugaverðar og erfitt að læra í þeim. Verkefni eru léleg og maður lærir ekki af bókunum. Ég hef frekar reynt að kenna sjálfri mér á netinu heldur en að nota bókina. Þegar ég læri fyrir próf get ég ekki neitað bækurnar til þess að undirbúa mig
- X er í góðum samskiptum við nemendur, mismunar ekki og er alltaf vel undirbúin í kennslustundum. Ég get alltaf leitað til X ef mig vantar aðstoð og hún útskýrir vel.
- Málið er að mér finnst kennsluefnið bara ekki áhugavert en kennslan fín.
- Meira Kahoot
- Meiri fjölbreytni
- menn mæta bara til að fá mætinguna. Og ekki til að kvetja menn til að læra því áhuginn er til staðar.
- Mér finns eins og X haldi að margir séu mun betri í X en þeir eru í raun og fari þannig ekki nógu ítarlega í suma hluti.
- Mér finnst að það ætti ekki að vera lokapróf í þessum áfanga.
- Mér finnst áfanginn í heildina á litið mjög skemmtilegur. En ég hefði viljað að kennarinn fylgjist betur með verkefnavinnu nemenda. Þannig það gerist ekki að eitthver einn vinni verkefnið sem er sett fyrir en hinn eða hinir fá samt sömu einkunn.
- Mér finnst X mjög áhugavert en erfitt áfangi. Ég held samt að X er eitthvað sem maður ætti að læra til að nýta síðan það í starfi. Það var mikið fall í 103 áfanga og X hefur rætt oft um það í tímum að hún hefði viljað sjá fleiri í 203 og ég hef tekið eftir því að henni þykkir vænt um það. Það væri gaman að sjá fleiri myndir á glærum í áfanga t.d. svo að maður getur tengt betur glósur við sjúkdóma, einkenni og svoleiðis...
- Mér finnst það sniðugt að X lætur okkur fá tímaverkefni sem við eigum að vinna í tímanum þegar við erum búin með tvö þrjá kafla. Maður lærir mikið af verkefnavinnu
- mér finnst þessir tímar illa uppsettir og illa út hugsaðir. ætti að vera val um mætingu eða töluvert færri tímar.
- mér finnst þetta leiðinleg kennslu aðferð og sé ekki hvernig það sem við erum að gera í tímum muni hjálpa mér með lokaprófið, og kennarinn er alltaf pirraður og alltaf að þræta sem er þreytandi.
- Mikið flækt.
- Mikið um að kennarinn sé ekki til staðar í stofunni á meðan á kennslu stendur. Kemur og les upp, setur eitthvað fyrir og hverfur svo inn á skrifstofu. Hef smá áhyggjur af að það sé ekki verið að fara yfir það efni sem við þurfum að læra.
- Mikil óánægja með kennsluna í þessum áfanga. Kennari virðist ekki vita neitt um námsefnið og kemur því sem hann veit ekki frá sér. Þýður ekki góðan daginn og lætur manni líða eins og hann sé alveg að drepast úr leiðindum yfir þessu. Útdeiliefni svo sem formúlublöð og annað ekki viðunandi að mínu mati.

- Mjög fín kennsla og skemmtilegur kennari. Hefði mátt vera samt aðeins lengri tími, til að fara yfir allt efnið, en samt sem áður er lotukerfið mikið betra fyrirkomulag heldur en lokapróf
- Mjög leiðinlegt efni
- Mjög skiljanlegt efni og góður áfangi. En X á það til að mæta sein og óundirbúin í kennslustundir sem býr til meiri vinnu fyrir nemendur. Hún er frábær og mjög góður kennari sem nær vel til okkar en ef eitthvað mætti bæta þá væri það þetta.
- Moodle þínu ruglingslegt en það er allt að koma til.
- Mætti bæta vinnufrið.
- mætti fara betur yfir vinnubók
- Mætti finna leið til að gera námsefnið meira spennandi, ef það er hægt.
- Mætti glósa meira á töflu því það er það sem nemendur glósa. Margir eiga erfitt með að glós einungis með því að hlusta.
- Mætti útskýra verkefni betur
- mætti vera fjölbreyttara
- Mætti vera fjölbreyttara efni
- Ná vinnufrið!!
- Neh
- nei
- Nei. Kennsluaðferðir hans virka fyrir mig.
- Netíð í stofunni er hræðilegt
- Of mikið efni á stuttum tíma þar með verri frammistaða í áfanga
- Persónuleg finnst mér smá of mikil heimavinna
- persónulega finnst mér gaman en finnst eins og önnur verkefni ætt að vera í boði en að úrbeina
- Persónulega þá finnst mér þetta fínir tímar. Mér finnst samt oft vera fara mjög djúpt ofan í hluti sem væri hægt að hafa einfaldari. Einnig finnst mér verkefni sem eru m.a. inná moodle, ekki vera með sama efni og við erum að læra (það er að segja þar koma spurningar sem við höfum ekki einu sinni talað um í tíma)
- X er mjög góður kennari, og hjálpar manni við hvað sem er, þótt það rengist ekki áfanganum
- setur ekkert inná moodle um verkefni o.p.h sem er óþæginlegt. ef nemandi svarar spurningu í tíma þá gefur hún skít í það (afsakið orðbragðið) og segir að það sé ekki nógu gott, hef verið vitni um þannig framkomu hjá 3 nemendum. síðan umorðar hún svar nemendans og bætir smá við, finnst það ekki góð leið til að kenna þar sem engin þorir að svara henni og síðan bölvur hún því að enginn er virkur í tímum hjá henni
- Stundum erfitt að skilja en kemur að lokum
- stundum svolítið mikið af verkefnum í hverjum tíma.
- X er æði
- tekur ekki nógu vel fram þegar það á að skila verkefnum á netinu, moodle. Sem gerir það að verkum að við fáum léleg verkefnaskil.
- Tvær konur sem eru pirrandi og tala mjög hátt og mikið í tímum og flissa á milli sín þegar einhver gerir eitthvað vitlaust. Finnst að kennarinn ætti að hætta að tala svona mikið um síma þó enginn sé í símanum. Gæti gert námið aðeins fjölbreytnara. Annars fínt
- Vildi óska þess að áfanginn væri ennþá símatsáfangi. Finnst lokapróf óþarfi í þriðja tungumáls áföngum.
- Vinnufriðurinn er enginn og hann skilur oft ekki spurningar sem maður spyr, gefst upp og fer.
- Væri fínt að athuga betur kynjaskiptinguna í hópnum næst

- Væri gaman að fá eina kennslustund sem er ekki hún að tala í 80 mín
- Það er alltaf eitthvað nýtt og skemmtilegt í hverri viku og alltaf hægt að spurja um efnið.
- Það tekur of langan tíma til að byrja að kenna efnið. Í kennslustund, oftast útaf öðrum nemendum. Tíminn er stundum hálfnaður þegar þú nærð að kenna svo það má laga það.
- Það vantar klárlega svara hefti með vinnubókinni. Kennarinn hefur engan tíma til að fara yfir það hvort að maður se að gera rétt svo maður vonar vanalega bara það besta. Síðan er þetta einfaldlega of stór hópur til þess að hún ráði við alla krakkana ein ég hef setið nánast heilar kennslu stundir gerlsamlega stopp þar sem ég skil ekki efnið og kennarinn er bara og upptekin að hjálpa öllum til að geta sinnt manni þar sem allur bekkurinn virðist ekki skilja glóru og þurfa betri aðstoð. En ég reikna svo sem enganvegin við að þetta sé að fara að breytast sama hvað er sagt og lofað þar sem þessi blessaði skóli hefur ekki efni á bót fyrir rassinn á sér
- Það þarf að finna nýja kennslubók
- Það þarf ekki alltaf að bíða eftir þeim sem geta ekki skilað inn verkefni á réttum tíma. Þú þarft ekki að eyða 20 mín eða svo, bara svo þeir geta skilað verkefnunum. Annars ertu að standa þig vel,
- Þarf að skoða afhverju það kemur stundum kerfisvilla, þegar einhverjir ákveðnir glæru þakkar koma inn.
- Þetta er bara ágæt svosem
- Þetta er bara fínt held ég.
- Þetta er bara frekar leiðinlegur áfangi, það er það eina. Ekkert að kennaranum sem slíkum
- Þetta eru of fáir tímar fyrir þetta námsefni
- Þetta hefði mátt vera meira skipulagt.
- Æðislegur kennari sem er mjög vel skipulögð og skemmtileg og góð í að koma námsefninu frá sér á skiljanlegan máta.

Ábendingar um það sem þér finnst jákvætt við áfangann og/eða kennarann

- Að búa til tungumál í hópum var afskaplega skemmtilegt.
- Að það geta allri farið á sínum hraða og kennarinn er mjög vel yfir verkefni ef við gerum eitthvað vitlaust
- Alltaf gaman að mæta í timana
- Alltaf vel dressa,ur og glæsilegt skegg.
- X er snillingur! Hún er einn besti kennari sem ég hef fengið í gegnum skólagönguna mína. Í byrjun hvers tíma rifjar hún upp það efni sem við höfum verið að læra svo við komumst ekki undan því að muna það sem hún hefur kennt okkur. Hún er þolinmóð, fer ekki of hratt í efnið og veit nákvæmlega hvaða partur námsefnisins okkur mun finnast erfiður svo hún tekur sér lengri tíma í það.
- X er fínn kennari en hun setur fyrir alltof háar kröfur og prófin eru alltof erfið
- X er mjög fínn kennari en kennsluaðferðir/kennsluefnið er leiðilegt
- X vill hjálpa okkur, hann lætur okkur vita hvaða námsgögn eru best fyrir t.d próf. Hann vill að okkur gangi vel og að við náum áfanganum. Kennslan virkar fyrir mig.
- X er frábær kennari sem er ein af fáum með kennurum með nýjar, góðar, sniðugar kennsluaðferðir t.d. QR kóða í hefti og kennslumyndbönd sem hjálpa manni með það helsta heima ef maður þarf að vinna upp. mjög vel sett upp námsefni.

- X er þolinmóðasta kona sem ég hef nokkur tímann hitt. Í hópnum sem ég er í hjá henni eru 28 strákar og ég er eina stelpa. Allir þessir 28 strákar þekkja og hafa séð í tímum eftir því. Oftast sýna þeir nær enga virðingu gagnvart X og hún oft fyrir mæli hennar og þeir leggja sig ekkert fram við að skapa vinnufrið. Þrátt fyrir að þeir geri kennsluáðstæður oftast ómögulegar nær X einhvernvegin alltaf í gegn til þeirra, skilar virkilega góðri kennslu og ég geng alltaf mjög sátta úr tíma hjá henni. Hún gefur sér nægan tíma fyrir hvern og einn nemanda, án þess að það bitni á hinum sem þurfa hjálp, og ef ég skil ekki þá kennsluáðferð sem hún reynir að kenna mér þá skiptir hún yfir í aðra kennsluáðferð og heldur svo áfram þar til ég loksins fatta. Það gerir hún fyrir hvern og einn nemanda og það skilar sér!
- X gerir allt til að reyna að láta út fyrir að námsefnið sé skemmtilegt og útskýrir mjög vel.
- X gerir allt til þess að við skiljum efnið
- X útskýrir námsefnið mjög vel og ég fékk trú á sjálfa mig til að geta lært því allt virðist svo auðvelt þegar hún er búin að fara yfir það sem við eigum að gera hverju sinni.
- Bara flottur áfangi
- Bara hún er frábær, keep doing what you're doing
- bæði kennari og áfangi er snilld
- X er þannig kennari að það sem hann segir festist í hausnum á manni. Hann kemur með ítarlegar útskýringar og notar myndir og viðlíkingar svo kennsluefnið skiljist betur, og það virkilega heppnast.
- X útskýrir námsefni betur en nokkur annar kennari sem ég hef verið með og gerir það skemmtilegt í leiðinni.
- Er frábær kennari!
- Er mjög ánægð með kennsluna í þessum áfanga, kennarinn er hress, skemmtilegur og nær að láta mann tengja vel við námsefnið.
- Ég dýrka X, hún vill að við höfum gaman að náminu og mér finnst mjög hjálplegt að setja spænsku leikjasíðurnar inná moodle, mér finnst það frábær leið til að breyta smá til
- Ég er ekki mikið fyrir fagið yfirhöfuð og bjóst ég ekki við að mér mundi líka þessi áfangi, en X gerir námið mjög skemmtilegt og er búin að vekja áhuga minn fyrir faginu. hún er algjörlega frábær kennari :)
- Finnst gott og skemmtilegt að fá að heyra alls konar mismunandi upplýsingar um efnið þó það komi ekki til gagns í verkefnum eða prófum (almenn kunnátta).
- finnst þetta gaman ef of mikið a glærum
- Fín kennari, hleypir okkur oft fyrir úr tímum
- Flott
- Flottur áfangi
- Frábær kennari
- Frábær kennari, skemmtilegur, fyndinn, kennir vel, lætur manni aldrei líða heimskulega þegar maður er með spurningar og manni líður aldrei illa í tíma hjá honum. Mjög fín áfangi, mér líkar mjög vel við hann.
- Frábær tími í alla staði
- Frekar erfitt að fara í 20% próf svona snemma og þurfa að kunna utanbókar 200+ gömul orð utanbókar og einnig restina af náminu... skil alveg að við eigum að læra þetta en fannst þetta aðeins of mikið
- Fæ strax hjálp þegar ég þarf hana
- Gaman
- gaman að það sé mikið af eyðum
- Góður & skemmtilegur kennari

- Góður kennari
- Góður kennari sem hefur áhuga á starfinu sínu
- Góður kennari, En mér finnst námsefnið gamaldags og frekar leiðinlegt. Maður er með sperrt eyru alla þá tíma sem að ég hef komist í. En að hafa margar útgáfur af flokkunum yfir sama hlutinn er í raun bara greindarþolraun í stað einhvers sem að nýtist manni. Ég hef mjög gaman að faginu og hefur alltaf gengið ágætlega í því, en þetta er farið að pirra mig verulega. En þetta er kannski ekki vettvangurinn til að ræða námsefnið :)
- X er mjög góður og skemmtilegur kennari
- X er bestur
- X er uppáhald kennarinn minn enda fjölskyldu vinur og mér finnst hann mjög skemmtilegur og hann gerir námið skemmtilegt
- X er bara æðisleg
- X er mjög jákvæð og hress. Hún hefur verið mjög dugleg að peppa mig áfram í náminu og hrósa. Hún segir alltaf eitthvað fallett við nemenda sína. Það er gaman að hlusta á hana í tímum. Hún dæmir mann aldrei. Mér finnst hún fín manneskja, skemmtilegur og góður kennari.
- hef ekkert að segja um það en mér finnst uppsetning kennslustofunnar D02 skrítin:)
- Hef ekki liðið svona vel í afanga áður. Einn bersti kenari sem ég hef nokkurn tíman haft og náms efnið er enþá betra
- hópaverkefni eru sniðug og góð
- Hún X er best
- Hún er alltaf í góðu skapi og hún er rosalega skilningsrík.
- Hún hefur mikinn áhuga á þessari kennslu.
- Hún útskýrir verkefnin þannig að hægt sé að skilja og fer vel yfir hvenær á að skila þeim þannig að maður gleymir því ekki
- X er ákveðin en góður kennari með húmor. Reynsluríkari kennari sem kann vel á sitt fag. Mér finnst hún góð fyrirmynd.
- X er frábær svo einfalt er það bara
- Kennari er mjög fín og skemmtileg.
- Kennarinn er frábær
- Kennarinn er frábær og hefur áhuga á efninu og er vel undirbúinn. Það eina sem skemmir eru kennslubækurnar
- kennarinn er góður
- Kennarinn er kurteis og virðist hafa mikinn áhuga á námsefninu þekkingin er bara ekki að skila sér nógu vel.
- Kennarinn er líflegur og heldur manni vel vakandi og áhugasamri í tímanum.
- Kennarinn er skemmtilegur
- kennarinn er skilningsríkur og hjálpsöm
- Kennarinn mjög skemmtilegur og almennilegur. Kannski sýnir ekki næga athygli til þeirra sem eru greinilega ekki að standa sig vel í áfanganum.
- X er mjög góður kennari og er alltaf tilbúinn að útskýra frekar ef nemandi skilur ekki dæmið og X útskýrir þá dæmið vel. Ég hakaði í svarið "frekar ósammála" þegar ég var spurð "Kennarinn gerir námið áhugavert". Það þýðir það ekki að það sé hans aðferðum að kenna, hann reynir eins og hann getur að gera námið áhugavert og síðan fer það eftir nemanda hvort honum/henni finnist námið áhugavert, mér finnst námið alls ekki áhugavert en það myndi ekki breytast þó kennsluaðferðir breyttust.
- lestrarheftið er næstum því óskiljanlegt... En kennarinn er fínn.
- Lærði helling, góður kennari
- Mér fannst þetta mjög fínn og skemmtilegur áfangi. Lærði mikið í honum.

- Mér finnst sniðugt að þessi áfangi og vinnustaðanám áfangi tengjast saman þannig að nemendur geta nýtt tíma til að skrifa ritgerð og læra betur að skrifa. Maður getur síðan nýtt sá þekkingu í öðrum áföngum . X er góður kennari. Alltaf hress og jákvætt og ég veit að ég get alltaf spurt hana þegar mig vantar aðstoð í kennslustundum og hún gerir sig besta til að útskýra. Það er líka þannig í hinum áföngum sem hún kennir mér (og kenndi)
- mjög góður kennari
- Mjög skemmtileg stemning, og fínt skipulag :)
- Mjög vel skipulagður áfangi hjá X
- Mjög þæginglegt að hlusta á X og hún heldur manni við efnið. Hún lætur ekkert bull viðhaldast og það verða allir að fara eftir hennar reglum með t.d. símanotkun sem mér finnst persónulega mjög þæginglegt.
- Orkufull
- X Er frábær kennari og manneskja
- X er mjög góður og skemmtilegur kennari sem gerir námið áhugavert
- Skemmtilegur
- skemmtileg verkefni
- Skemmtilegir tímar og kennari hefur margar leiðir til að hjálpa manni að skilja.
- Skemmtilegt fag og kennari
- Skemmtilegt námsefni og góðar glósur sem gefa allar upplýsingar sem þarf.
- skemmtilegur áfangi og X er frábær og gerir fagið áhugavert og skemmtilegt
- Skemmtilegur kennari
- skemmtilegur og fróðlegur. Sinnir starfinu sínu vel, og fagmannslega.
- Skemmtilegur og fyndinn en kennslan er kannski örlítið fljótfær, eins og hann vilji bara flýta sér í gegnum efnið og hafi ekki áhuga á að nemendur virkilega skilji eða muni reglurnar.
- Skemmtilegur tími
- Skemmtilegur tími, læri margt af þessum kennurum
- Skemmtilgasti áfanginn. Alltaf að læra eitthvað nýtt og mér finnst þetta mjög áhugavert efni svo það er líka gott. X er æðisleg, hjálpar okkur að skilja og hefur þolinmæði ef einhver þarf aðstoð.
- skemmtilegur kennari
- Stendur þig vel
- X er yndislegur kennari og það er bara 3 orð yfir hann „Hann er meistari“
- X er bestur.
- útskýrir vel
- veit ekki
- Virðist hafa áhuga á því að kenna nemendum efnið og er ekki bara eins og vélmenni. Það hjálpar nemendum að fá einhvern áhuga á efninu líka. Gefur sér góðan tíma í að ganga um og hjálpa þeim sem þurfa hjálp og svara spurningum sem nemendur hafa.
- X leggur mikið á sig til þess að allir skilji og komist í gegn um áfangana með góða einkunn. Það fer ekki fram hjá neinum að honum þykir virkilega gaman að vinna og það gerir áfangann skemmtilegri þegar kennari hefur áhuga.
- Yndislegur kennari og góð kona, gerir námsefnið áhugavert og fer rétt að hlutunum. Fær 10 frá mér!
- það er bara gaman
- Það er farið vel yfir verkefnin svo það sé auðveldara að vinna þau
- Þetta er alveg ágætlega skemmtilegt efni og þar sem hún X kann nánast allt efnið utan af hjálpar mikið
- Þetta er fínt